

Nd.

465. Frumvarp til laga

[242. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson,
Birgir Finnsson.

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A.
1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
 2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
 3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
 4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
 5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
 6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórákrók.
 7. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika.
 8. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi.
 9. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar.
 10. Eftir stíflugarðinum yfir tjörnina.
 11. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni.
 12. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn.
 13. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar.
 14. Þaðan í Lækjarbotna.
 15. Þaðan í Gráhellu.
 16. Þaðan í miðjan Ketshelli.
 17. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandatorfur).
 18. Þaðan bein lína í Markraka.
 19. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi.
 20. Þaðan bein lína í Markhelluhól.
 21. Þaðan í Hraunkrossstapa.

22. Þá í Miðkrossstapa.
23. Þá í Hólbrunnshæð.
24. Þá í Stóra-Grænhól.
25. Þá í Skógarhól.
26. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 46 frá 23. maí 1964.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði og sveitarstjórans í Garðahreppi. Um ástæður til flutnings frumvarpsins vísast til bréfa frá þessum aðilum, sem birt eru hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Hafnarfirði, 12. febr. 1971.

Hr. alþingism. Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Þegar nýtt byggðahverfi var skipulagt árið 1967 fyrir Hafnarfjörð við norðurmörk bæjarlandsins, nú kallað „Norðurbær“, þótti eðlilegt af skipulagsástæðum, að það næði lítið eitt inn á land jarðarinnar Dysjar í Garðahreppi, eign ríkissjóðs. Stærð lands Dysja, sem skipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar tekur til, er að stærð ca. 16.5 ha.

Samningar hafa tekizt fyrir forgöngu skipulagsstjóra ríkisins milli sveitarstjórnar Garðahrepps og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um, að lögsagnarumdæmisörkunum milli sveitarfélaganna verði breytt vegna áður nefnds skipulags. Í því samkomulagi er einnig gert ráð fyrir, að land það á norðurmörkum Hafnarfjarðar, norðan fyrirhugaðrar brautar milli Engidals og fyrirhugaðrar Reykjanesbrautar ofan Vífilstaða, að stærð allt að 25 ha., sem fer þó eftir endanlegri staðsetningu brautanna, verði eign Garðahrepps og í lögsagnarumdæmi hreppsins.

Með hliðsjón af ofangreindu samkomulagi, sbr. ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 17. nóv. 1970 og ályktun sveitarstjórnar Garðahrepps frá 7. apríl 1967, leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmum þessara sveitarfélaga, er samrýmist ofangreindum samþykktum sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjórinn í Garðahreppi.
Ólafur G. Einarsson

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.
Kristinn Ó. Guðmundsson

Fylgiskjal II.

HAFNARFJARÐARBÆR

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 17. nóv. 1970 var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti, að markalínu milli lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps skuli breytt svo, að hún verði framvegis þannig:

1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórákrók.
.....
.....

Jafnframt er bæjarstjóra falið að leita eftir því við hið háa Alþingi, að framangreindar breytingar verði gerðar á lögum um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, nr. 46 frá 23. maí 1964 og að heimilað verði að selja Hafnarfjarðarbæ land ríkisins, sem samkvæmt breytingunum fellur undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Bæjarstjóra heimilað að semja við sveitarstjóra Garðahrepps um ráðstafanir á landi Hafnarfjarðarbæjar, sem samkvæmt breytingu þessari fellur undir lögsagnarumdæmi Garðahrepps.“

Fylgiskjal III.

SVEITARSTJÓRINN Í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 10. 2. 1971.

Úr gjörðabók hreppsnefndar Garðahrepps 7. apríl 1967.

„Hreppsnefndin samþykkir makaskipti við Hafnarfjarðarbæ á reitum A og B, samkv. uppdrætti skipulagsstjóra ríkisins, dags. 15. febr. 1967.

Reitur A úr landi Garðahrepps, stærð ca. 16.5 ha., verði í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Reitur B úr landi Hafnarfjarðar, stærð ca. 25 ha. Hafnarfjörður afsali þeim reit til Garðahrepps og lögsagnarumdæmismörk Hafnarfjarðar breytist í samræmi við það.“

Sveitarstjórnin í Garðahreppi

Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal IV.

Ár 1967, miðvikudaginn 22. febrúar, kl. 15, komu undirritaðir saman til fundar á skrifstofu bæjarverkfræðings í Hafnarfirði til þess að ræða hugsanleg makaskipti á löndunum milli Hafnarfjarðar og Garðahrepps og breytingu á lögsagnarumdæmis-mörkum í samræmi við það.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur tilnefnt Kristín Guðmundsson, bæjarstjóra, og Guðmund Óskarsson, bæjarverkfræðing, í viðræðunefnd af sinni hálfu, en af hálfu hreppsnefndar Garðahrepps mæta þeir Einar Halldórsson, oddviti, og Ólafur G. Einarsson, sveitarstjóri.

Skipulagsstjóri ríkisins, Zóphónías Pálsson, og Hrafnkell Thorlacius, arkitekt, taka þátt í viðræðunum.

Í samræmi við ákvörðun fundar ofanefndra aðila hinn 15. þ. m. lagði skipulagsstjóri fram uppdrátt, dags. 22. febr. 1967, þar sem merktir eru þeir reitir, sem til greina virðast koma í sambandi við makaskipti.

Reitur „A“ er í hrauninu sunnan Álftanesvegjar, stærð ca. 16.5 ha. Reitur „B“ er í hrauninu austan Engidals, stærð ca. 25.0 ha.

Þá eru einnig merktar spildur í Setbergshverfi, vestan Reykjanesbrautar, þ. e. lönd Finnboga Guðmundssonar, Hrefnu Árnadóttur, Benedikts Einarssonar, Íshúss Reykdals, Verksmiðju Reykdals og íbúðarhúsið Reykholt merkt C og D, samt 3.9 ha.

Enn fremur er merkt á uppdrættinum spilda „E“ sunnan Kinnahverfis úr landi Setbergs.

Samþykkt að leggja til við sveitarstjórnirnar, að makaskipti fari fram á reitum merktum „A“ og „B“ og Hafnarfjarðarbær reyni samninga við Benedikt Einarsson um uppkaup á landi hans í reitum „C“ og „D“.

Gjört í Hafnarfirði, 22. febr. 1967.

Kristinn Ó. Guðmundsson.	Einar Halldórsson.	Zóphónías Pálsson.
Hrafnkell Thorlacius.	Guðmundur Óskarsson.	Ólafur G. Einarsson.

